

From: Svandís Ingimundardóttir [<mailto:svandis.ingimundardottir@samband.is>]
Sent: miðvikudagur, 4. janúar 2017 10:03
Subject: FW: Krafa menntaskóla um greiningar í 10. bekk.

Sent skólaskrifstofum (áframsendið til skóla) og skólum utan skólaskrifstofa til upplýsingar

Tilvísun í mál: MMR16100200

Vísað er til tölvupósts 2. október 2016 vegna kröfu framhaldsskóla um greiningar á sértækum námsörðugleikum nemenda í 10. bekk grunnskóla. Fram kemur að krafan byggji á viðmiðum settum af Háskóla Íslands um þjónustu við nemendur með sértæka námsörðugleika.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur rætt við fulltrúa Háskóla Íslands um málið. Á þeim fundi kom fram að þeir byggja kröfu sína, um að greiningar megi ekki vera eldri en frá því að nemandi var í 10. bekk, á því að sérfræðingar í greiningu á sértækum námsörðugleikum telji að til að einstaklingur skilji greiningarferlið til fulls þurfi hann að vera minnst 15 ára. Ráðuneytið innti eftir hvaða rannsóknir liggi þar að baki en ekki fengust svör við því.

Samkvæmt 34. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 skulu nemendur með leshömlun eiga aðgang að sérsniðnum námsgögnum eftir því sem við verður komið. Framhaldsskólar eiga að gera grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun. Framhaldsskólar skulu leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum nr. 230/2012 er framhaldsskólum skylt að sjá til þess að framhaldsskólanemendur fái kennslu og sérstakan stuðning í námi í samræmi við metnar sérþarfir þeirra. Í 5. gr. reglugerðarinnar segir að nemendur í framhaldsskólum eiga rétt á að veitt sé skimun og greining á leshömlun ásamt eftirfylgni og stuðningi í námi eftir því sem þörf er á.

Ráðuneytið telur ekki eðlilegt að framhaldsskólar setji fram kröfu á grunnskóla um endurgreiningu á nemendum vegna sértækra námsörðugleika í 9. eða 10. bekk nema fyrir því liggi skýrar og málefnalegar ástæður í þágu viðkomandi nemenda.

Kveðja Björk



Björk Óttarsdóttir sérfræðingur / Senior Adviser / Seniorráðgjafi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet

Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík, Iceland.

Sími/ Tel: +(354) 545 9500

<http://www.menntamalaraduneyti.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Ef nauðsynlega þarf að prenta, prentaðu þá báðar hliðar og í svarthvítu.